

Bókun á 1553. fundi flugráðs 17. desember 2009 vegna nýrrar stöðu varðandi aðlögun á útblásturstilskipun ESB í flugi.

Útblásturstilskipun ESB í flugi hefur lengi verið til ítarlegrar umfjöllunar innan flugráðs og áhersla lögð á að óskað yrði eftir undanþágu fyrir íslenskt innanlandsflug frá þátttöku í kerfinu. Vegna aðstæðna á Íslandi, þá er hætt við að íþyngjandi aðgerðir til að draga úr ferðalögum með flugi myndu stuðla að meiri notkun einkabifreiða á lengri leiðum og þar með auka heildarútblástur CO₂ á Íslandi og veikja umferðaröryggi.

Flugráð getur þess vegna ekki mælt með að horfið verði frá fyrri ákvörðun stjórnvalda um að óska eftir aðlögun og undanþágu frá þátttöku í tilskipuninni.

Flugráð samþykkir að eftirfarandi verkefni, sem hafa verið til ítarlegrar umfjöllunar á fundum ráðsins, fái skjóta úrlausn:

- Að samgöngumiðstöð verði reist við Reykjavíkflugvöll.
- Að strax verði leitað eftir undanþágum fyrir Ísland frá útblásturstilskipun ESB í flugi samkvæmt fyrri bókun ráðsins þar sem áhersla er lögð á að innanlandsflugið sé m.a. undanskilið.
- Að fjárhagslegur grundvöllur Flugstoða og Keflavíkflugvallar verði tryggður.
- Að fjárhagsleg rekstrarskilyrði flugfélaganna verði treyst, áframhaldandi áhersla verði lögð á gerð loftferðasamninga og ráðstöfunum beitt til að sporna gegn því að flugfélögin flytji starfsemi sína úr landi.
- Að hugað verði sérstaklega að því að veita fé úr flugmálaáætlun til kynningar og eflingar flugöryggismála í almannaflugi í samræmi við skýrslu um verkefnastofn.
- Að standa vörð um trausta þjónustu og öryggi í flugi og tryggja að Flugmálastjórn Íslands hafi fjárhagslegt svigrúm til að veita áfram öflugra grunnþjónustu samkvæmt lögum og alþjóðlegum kröfum.